

# Heilsuleikskólinn Urðarhóll

Handbók Snemmtækrar íhlutunar í máli og læsi  
leikskólabarna

## URÐARHÓLL



## SKÓLATRÖÐ



## STUBBASEL



**Þróunarverkefnið Snemmtæk íhlutun var unnið frá upphafi árs 2019 til hausts 2020**

**Verkefnastjóri  
Ásthildur Bj. Snorradóttir**

**Ráðgjafar frá Menntasviði Kópavogs  
Maríanna Guðríður Einarsdóttir  
Margrét Samúelsdóttir**

**Verkefnastjórar frá Heilsuleikskólanum Urðarhól**

**Rebekka Gylfadóttir  
Hjördís Hrund Ingvadóttir  
Hjördís Stefanía Guðnadóttir  
Hrund Traustadóttir**

**Aðrir sem komu að þróunarverkefninu í heilsuleikskólanum Urðarhól**

**Allir starfsmenn leikskólans**

## Efnisyfirlit

Formáli – um leikskólann og heilsustefnuna.....	5
Tilurð verkefnisins .....	5
Læsisstefna Heilsuleikskólans Urðarhóls.....	6
Hljóðkerfisvitund.....	6
Orðaforði .....	7
Hlustun og tjáning .....	7
Málörvun .....	7
Samræðulestur.....	8
Læsi og samskipti.....	8
Bókin mín.....	9
Lubbi finnur málbein.....	9
Stafagaldur .....	9
Vinátta .....	10
Sýnilegt ritmál.....	11
Tví- og fjöltyngi barna .....	11
Bjargir.....	12
Málörvunarefni – Spilasafnið, Bókasafnið og Pokasafnið .....	13
Orðaforði .....	14
Málskilningur .....	14
Hlustun .....	15
Setningarfræði .....	15
Hljóðkerfisvitund .....	15
Málfræði.....	16
Félagsfærni.....	16
Stærðfræði.....	16
Reglubundnar athuganir, skimanir og próf.....	16
Heilsubók barnsins .....	17
EFI-2.....	17
HLJÓM-2 .....	18
Hlutverk sérkennslustjóra.....	18
Viðbrögð við frávikum.....	18
Matstæki í leikskólanum Urðarhóli.....	19
Gátlistar frá stoðþjónustu leikskóladeildar menntasviðs.....	20
Orðaskil.....	20
Smábarnalisti.....	20

Íslenski þroskalistinn.....	21
Félagshæfnisögur.....	21
Einstaklingsnámskrár .....	22
Bínureglur.....	22
Myndrænt skipulag.....	23
AEPS matslisti.....	23
Umgjörð um leikskólastarfið.....	24
Hreyfistundir .....	24
Útinám .....	24
Tónmennt .....	25
Textíll .....	25
Foreldrasamstarf.....	25
Samverustundir.....	26
Tengsl skólastiga .....	26
Lokaorð – ávinningur .....	27
Heimildaskrá .....	28
Viðauki.....	29

## Formáli – um leikskólann og heilsustefnuna

Starf Heilsuleikskóla hófst í leikskólanum Skólatröð í Kópavogi sem tók til starfa 1. september 1995. Leikskólakennarar skólans ákváðu á fyrstu vikum starfseminnar að markmið skólans yrði: „Að auka gleði og vellíðan barnanna með áherslu á næringu, hreyfingu og listsköpun í leik“.

Í upphafi var færni barnsins skráð með skipulögðum hætti. Þannig varð til fyrsta „Heilsubók barnsins“, 14 blaðsíður sem hafa að geyma skráningarblöð með upplýsingum um heilsufar, hæð og þyngd, lífsleikni, hreyfigetu, næringu og svefn auk færni í listsköpun. Hvert og eitt barn fékk bók sem skráð var í með leyfi forráðamanna, tvisvar á ári.

Heilsuleikskólinn var vígður, sem slíkur, af Ingibjörgu Pálmadóttur þáverandi heilbrigðisráðherra árið 1996.

Í framhaldi varð Heilsubók barnsins gefin formlega út árið 1998. Þetta verkefni var styrkt af „Heilsuefningu“, sem var verkefni á vegum Heilbrigðisráðuneytis/Landlæknisembættis og ætlað að efla heilsu fólks.

Árið 1997 stækkaði leikskólinn um eina deild sem var Stubbasel við Kópavogsbraut. Árið 2000 var síðan tekið í notkun nýtt húsnæði á sömu lóð og Stubbasel. Leikskólanum var gefið nafnið Heilsuleikskólinn Urðarhóll sem er ein stofnun í þremur húsum, Urðarhóll, Stubbasel og Skólatröð og í þessum húsum eru samtals sjö deildir.

Guðlaug Sjöfn Jónsdóttir leikskólakennari hannaði merki heilsuskólans. Merkið táknar samofna heild sem byggir á næringu, hreyfingu og listsköpun.

Heilsubókin var endurútgefin árið 2004 og aftur árið 2008. Árið 2019 var heilsubókin gerð rafræn og er hún í sífelldri endurskoðun hjá starfsfólki leikskólans.

Markmið Heilsuleikskólans Urðarhóls eru að auka gleði og vellíðan barnanna með áherslu á næringu, hreyfingu og listsköpun í leik.

## Tilurð verkefnisins

Við í leikskólanum Urðarhóli fengum boð ásamt öðrum leikskólum í Kópavogi frá Skólaskrifstofu Kópavogs um að taka þátt í þróunarverkefninu *Snemmtæk íhlutun í málþroska barna* árið 2018. Verkefnið leiðir Ásthildur Bj. Snorradóttir talmeinafræðingur og tilgangur þess er að stuðla að snemmtækri íhlutun varðandi eflingu málþroska og undirbúning fyrir lestur.

Markmið verkefnisins fól m.a. í sér að gera alla verkferla skýra ásamt skilgreiningum á hlutverki starfsfólks, stuðla að betri og markvissari nýtingu á málörvunarefni með skipulagðri flokkun og skoða uppbyggingu málörvunarstunda. Síðast en ekki síst var markmiðið með verkefninu að skerpa á því leiðandi hlutverki sem leikskólar hafa þegar kemur að snemmtækri íhlutun barna með málþroskaraskanir. Lagt var upp með að hver leikskóli gerði handbók sem rammaði inn þessa þætti ásamt því að taka mið af sérstöðu hvers og eins leikskóla út frá hugmyndafræði og skólanámskrá hvers skóla.

## Læsisstefna Heilsuleikskólans Urðarhóls

Börn fá í vöggugjöf hæfileika til þess að læra mál. Hversu vel hann nýtist fer að miklu leyti eftir því hversu mikla og fjölbreytta málörvun þau fá í uppvexti sínum. Snemmtæk íhlutun er forsenda þess að efla börn á fyrstu stigum læsisnáms og draga úr og jafnvel koma í veg fyrir námserfiðleika og neikvæða upplifun af skólagöngu seinna meir. Framtíðarsýn skólasamfélagsins miðar að því að efla málþroska barna og styrkja getu og leikni þeirra í boðskiptum, lestri og lesskilningi. Hver leik- og grunnskóli hefur sín sérkenni og mótar eigin aðferðir til þess að ná markmiðum í stefnu Kópavogsbæjar. Þannig skilar starfsfólk skólanna nemendum sínum vel undirbúnum fyrir áframhaldandi nám, líf og leik í nútímasamfélagi.

Í lögum um leikskóla segir: „Stuðla skal að því að nám fari fram í leik og skapandi starfi þar sem börn njóta fjölbreyttra uppeldiskosta“ (Lög um leikskóla nr. 90/2008). Í aðalnámskrá leikskóla (2011) er læsi einn af grunnþáttunum en „læsi í leikskóla felur í sér þekkingu, leikni og hæfni barna til að lesa í umhverfi sitt og tjá upplifun sína, tilfinningar og skoðanir á fjölbreyttan hátt“. Bestur árangur næst þegar gott samstarf er á milli leikskóla og foreldra um nám barnanna.

Læsi felur í sér færni einstaklingsins til að tala, lesa og rita tungumál sitt ásamt því að geta aflað sér upplýsinga úr umhverfinu. Læsi er þróunarferli sem hefst í frumbersku og heldur áfram allt lífið en það byggir á reynslu barna af lestri og ritmáli í nánasta umhverfi þeirra. Góð færni í læsi er mikilvæg til þess að einstaklingur geti tekið virkan þátt í samfélaginu og er undirstaða alls náms.

### Hljóðkerfisvitund

Þroskuð hljóðkerfisvitund er nauðsynleg undirstaða fyrir lestrarnám. Hljóðkerfisvitund er tilfinning og næmi einstaklings fyrir uppbyggingu tungumálsins, hvernig hægt er að greina talmál niður í smærri hljóðeiningar og hvernig vinna má með einingarnar á mismunandi vegu.

## Orðaforði

Orðaforði er það safn orða sem einstaklingur hefur á valdi sínu. Góður orðaforði er grundvallarþáttur í því að skilja talað og lesið mál en hlustunarskilningur og síðar lesskilningur byggja á góðum orðaforða. Orðaforði hefur einnig áhrif á leshraða því fleiri orð sem barnið þekkir í texta því hraðar og áreynslulausar les það textann.

## Hlustun og tjáning

Tjáning er mikilvægur hluti af þroska barna og þarf að æfa með fjölbreyttum hætti og ólíkum efniviði. Tjáningin eflir sjálfstæði og sjálfsmynd barna og unglunga og er grunnur þess að einstaklingur geti átt jákvæð og uppbyggileg samskipti við aðra.

Í hlustun er mikilvægt að geta staldrað við, hlustað eftir og einbeitt sér að því að túlka umhverfishljóð og talmál. Hlustun er undirstaða málskilnings, máltjáningar og viðeigandi boðskipta.

Í Urðarhóli er lögð áhersla á snemmtæka íhlutun til þess að geta örvað og þjálfað alla þætti íslenskunnar svo sem tal, hlustun, orðaforða og málskilning í þeim tilgangi að auka velgengi í lestrarnámi barnanna seinna meir. Fylgst er vel með framvindu málþroska hjá hverju og einu barni með það að markmiði að hjálpa því að ná eins góðum árangri og hægt er út frá forsendum þess. Snemmtæk íhlutun felur líka í sér mat á árangri og því leggur leikskólinn áherslu á reglulegt mat til að fylgjast með framförum barnanna. Matstæki eru einnig nýtt til þess að finna þau börn sem verr standa að vígi í þroska þannig að hægt sé að skipuleggja einstaklingsmiðuð inngríp til að mæta þörfum allra barna.

## Málörvun

Börn hafa meðfæddan hæfileika til að nema hljóð og orð sem þau heyra og sjá í nánasta umhverfi sínu. Fyrstu mánuðir og ár skipta sköpum í máltöku þeirra þar sem þau eru að læra smám saman að greina á milli hljóða og orða úr umhverfinu. Þess vegna er mikilvægt að börnin heyri sem mest af móðurmáli sínu hvort sem það er verið að tala beint til þeirra eða að þau heyri talað mál í umhverfinu. Foreldrar sem tala mikið við barnið sitt efla málskilning þess og orðaforða auk þess sem jákvæð tengsl þeirra við barnið styrkjast. Hið fornkveðna sannast að því læra börnin málið að það er fyrir þeim haft og félagslegi þáttur málþroskans er því algjörlega ómetanlegur. Í Urðarhóli er lögð áhersla á að málörvun fari fram í öllum aðstæðum og að starfsfólk nýti sér sérhverja stund til þess að styrkja málþroska barnanna. Þetta á við í leik bæði úti og inni, við matarborð, á salerni, í fataklefa o.fl. Tíminn í leikskólanum er nýttur til að fara

Í málörvandi leiki með börnunum og sem dæmi er hægt að nefna rím, klappa atkvæði orða, taka í sundur og/eða setja saman orð, spyrja spurninga, fara með þulur o.fl. Starfsfólk er hvatt til þess að hafa orð á því sem fyrir augu ber í öllum aðstæðum.

### Samræðulestur

Samræðulestur byggir á samræðum eins og nafnið bendir til og lögð er áhersla á að fá börnin til að segja frá með sínum orðum í bland við texta sögunnar þegar við á.

Rannsóknir sýna að þegar lesið er með aðferð *Samræðulesturs* eykur það orðaforða, málskilning og frásagnarhæfni barnanna.

Ýmsar spurnarleiðir eru notaðar í samræðulestri. Meginatriðið er að þær hvetji börnin til þátttöku, að börnunum sé veitt endurgjöf og að ýtt sé undir að þau tjái sig ítarlega. Þessi nálgun er talin áhrifaríkari en spurningar og svör sem bjóða einungis upp á „já og nei“ eða „rétt og rangt“. Stuðningur við frásagnir barnanna felur í sér að kennarinn spyrji opinna spurninga um innihald bóka, t.d.: Hvað gerði persónan? Hvers vegna heldurðu að hún hafi gert það? (Cabell o.fl., 2015). Endurgjöfin beinist að því að viðurkenna skoðun barnsins og gæta þess að haga orðum sínum þannig að barnið skilji það sem sagt er.

Samræðulestur er kerfisbundin leið til að fá börn til að tala um bækur og söguþráð þeirra með það að markmiði að efla málþroska og auka orðaforða þeirra. Hinn fullorðni, oftast foreldri eða kennari, er fyrirmynd barnanna og sýnir þeim hvernig á að beita tungumálinu, spyr spurninga, veitir endurgjöf og stuðlar að því að lýsingar barnanna á innihaldi bókarinnar verði sífellt flóknari og auðugari. Einnig er rætt um form bókarinnar, er hún harðspjalda eða kilja, hvernig snúum við bókinni þegar við lesum hana, hvar byrjar sagan og hvar endar hún o.s.frv. Einnig er rætt um hvað höfundur bókarinnar heitir og frá hvaða landi hann kemur, hver teiknar myndirnar í bókinni o.s.frv. Þannig eykst orðaforði barnanna og málþroski stig af stigi.

### Læsi og samskipti

Börn eru félagsverur sem nota ýmsar aðferðir til að tjá sig og eiga samskipti við annað fólk. Læsi í víðum skilningi þess orðs er mikilvægur þáttur samskipta. Læsi í leikskóla felur í sér að búa yfir þekkingu og leikni til að skynja, skilja, túlka, gagnrýna og miðla. Með texta er hér átt við talmál, myndmál, ritmál, tölur og önnur táknkerfi. Þessi táknkerfi hjálpa börnum að lesa í umhverfið sitt og nota




Mynd 1



tungumálið á fjölbreyttan hátt. Greina má læsi og samskipti í öllu samþættu námi barnsins.

### Bókin mín


Hvert barn á sérstaka bók um sig sem heitir *Bókin mín* sem er samstarfsverkefni forráðamanna, barna og starfsmanna. *Bókin mín* er aðgengileg barninu í bókahillunni og til taks hvenær sem er. Í henni eru myndir af fjölskyldu barnsins og texti sem starfsmenn geta notað og hvatt þannig barnið til að segja frá. Barnið fær nýja bók á hverju hausti og hvert skólaár barnsins á sinn sérstaka lit.



Mynd 2

### Lubbi finnur málbein

Lubbi finnur málbein er efni sem hugsað er til málörvunar og hljóðanáms ungra barna (Eyrún Ísfold Gísladóttir og Þóra Másdóttir, 2009). Lubbi er hundur sem fer með börnin í ævintýraferð



Mynd 3

um Ísland í leit að íslensku máhljóðunum og hjálpar þeim að læra þau á skemmtilegan hátt. Lagt er upp með að börnin læri hljóðin í gegnum fjölpætta skynjun þ.e. með samþættingu heyrnar- og sjónskyns ásamt hreyfi- og snertiskyni. Eitt máhljóð er tekið fyrir í einu og á það sitt ákveðna tákni eða hreyfingu sem er táknrænt fyrir það. Hvert máhljóð á sína vísu sem eru hnyttar og skemmtilegar og því auðvelt að læra. Einnig fylgir stutt saga hverju máhljóði þar sem finna má hljóðið fremst, aftast og í miðju orðanna. Sögurnar eru með fjölbreyttan orðaforða sem hvetja til auðugs málfars.

### Stafagaldur

Stafagaldur er leikur með stafi, hljóð og ævintýri. Hann byggir að miklu leyti á þróunarverkefni sem Birte Harksen leikskólakennari í Urðarhóli vann með styrk úr Þróunarsjóði leikskóla á árunum 2004-2005 (Birte Harksen:2005). Einnig er opið vefsvæði sem inniheldur hljóðkerfisstyrkjandi sögur og leiki handa eldri börnum í leikskóla. Efnið er opið og öllum frjálst til afnota. Vefurinn er að hluta unninn með styrk frá Vísindasjóði FL og

FSL og Þróunarsjóði leikskóla Kópavogs. Verkefnið felst í frásögnum og stuðningsefni fyrir 4 til 6 ára börn sem er ætlað að styrkja hljóðkerfisvitund þeirra og vekja áhuga þeirra á bókstöfum og hljóðum þeirra. Stafagaldur samanstendur annars vegar af ævintýrum í tengslum við hvert máhljóð og hins vegar af leikmunum og myndum sem notuð eru þegar ævintýrin eru flutt. Það tekur ávallt eitt barn þátt í flutningnum, þ.e. leikur aðalpersónuna í sögunni og er um leið fulltrúi máhljóðsins. Í hverri bókstafssögu tekst aðalpersónan á við vondan galdrakarl og þarf að leysa þrautir. Notaður er svokallaður Töfrapoki sem geymir hluti sem nýtast börnunum til að finna viðeigandi máhljóð.



Mynd 4

### Vinátta

*Vinátta* er forvarnaverkefni Barnaheilla gegn einelti ætlað leikskólum, fyrstu bekkjum grunnskóla, frístundaheimilum og dagforeldrum. Verkefnið er danskt að uppruna og heitir á frummálinu *Fri for Mobberi*. Það er þýtt, staðfært og gefið út í samstarfi við Red barnet – Save the Children og Mary Fonden í Danmörku (<https://www.barnaheill.is/is/forvarnir/vinata:2020>). Verkefnið felst í því að hægt sé að fyrirbyggja einelti með því að móta góðan skólabrag, eiga góð samskipti og hafa jákvæð viðhorf til allra í hópnum. *Vinátta* byggist á nýjustu



Mynd 5

Hugtökin eru:

*Umburðarlyndi*. Að viðurkenna og skilja mikilvægi og gildi fjölbreytileikans og að koma fram við alla aðra af virðingu.

rannsóknnum á einelti og á ákveðinni hugmyndafræði og gildum sem mikilvægt er að séu samofin öðru starfi þeirra skóla sem vinna með efnið. Auk þess byggir *Vinátta* á raunhæfum verkefnum fyrir nemendur, starfsfólk og foreldra. Í Urðarhóli er unnið með Blæ á sem fjölbreyttastan hátt og í daglegu starfi leikskólans. Börnin læra að skilja og nota hugtökin sem tengjast vináttuverkefninu.

*Virðing.* Að viðurkenna og taka tillit til allra barnanna í hópnum, að vera öllum góður félagi og virða margbreytileikann innan hópsins.

*Umhyggja.* Að sýna öllum börnum áhuga, samkennd, samlíðan og hjálpsemi. Að hafa skilning á stöðu annarra.

*Hugrekki.* Að þora að láta í sér heyra og geta sett mörk. Að vera hugrakkur og góður félagi sem bregst við óréttlæti.

### Sýnilegt ritmál

Í Urðarhóli er lögð áhersla á að ritmál sé sýnilegt í umhverfi barnanna. Stafrófið er sýnilegt á veggjum skólans, nöfn barna eru sýnileg víðsvegar á deildunum en auk þess eru hlutir og húsgögn



Mynd 7

merkt með ritmáli til að byggja upp sjónrænt minni um algeng orð í nánasta umhverfi barnanna. Á eldri deildunum hafa börnin aðgang að



Mynd 6

spjöldum með nöfnum sínum sem getur hjálpað þeim að læra bókstafi og rita nafn sitt eftir forskrift. Hólf og skúffur allra barna í skólanum eru merkt nafni þeirra.

### Tví- og fjöltyngi barna

Nokkrar skilgreiningar eru til á því hvað sé tvítyngi og hvað sé móðurmál en yfirleitt er talið að móðurmál barns sé fyrsta mál þess, málið sem því er tamast og talað er á heimili þess en tvítyngi/fjöltyngi felist í því að þekkja og nota fleiri en eitt tungumál í daglegu tali. Þetta er þó ekki alltaf svona einfalt því móðurmál margra tvítyngdra barna getur byggt á tvítyngi eða fjöltyngi. Það á t.d. við um börn sem alast upp við það frá fæðingu að pabbi talar eitt tungumál, mamma talar annað tungumál og þriðja tungumálið á heimilinu er samskiptamál fjölskyldunnar.


Til þess að börn nái eðlilegum málþroska er nauðsynlegt að þau alist upp við að heyra talað mál. Rannsóknir hafa sýnt fram á að móðurmálið sé undirstaða alls annars tungumálanáms og því sterkara sem móðurmálið sé því auðveldara eigi börn með að læra annað mál. Það þarf því að vinna markvisst að því að viðhalda og styrkja móðurmál barna frá upphafi, ekki síst þegar komið er inn í íslenskt málumhverfi í leik- og grunnskóla. Sé það ekki gert getur það haft neikvæð áhrif á þróun læsis og námsframvindu í íslensku sem öðru máli og tungumálanámi

almennt. Neikvæðu áhrifin geta meðal annars falist í því að barnið hætti smátt og smátt að tala móðurmálið og tali eingöngu það tungumál sem það lærir í samfélaginu, t.a.m. í leikskólanum. Það getur haft mörg vandamál í för með sér, ekki síst fyrir samskiptin í fjölskyldunni og um leið fyrir þroska barnsins.

Mikilvægt er fyrir börn af erlendum uppruna að fá tækifæri til að vera í íslensku málumhverfi og að þau læri íslenskuna sem er það tungumál sem talað er í samfélaginu. Það auðveldar börnum samskipti við önnur börn og við kennara. Það auðveldar þeim einnig nám og allt daglegt líf.

### Bjargir

Handbókin Snemmtæk íhlutun í málörvun tveggja til þriggja ára barna (Ásthildur Bj. Snorradóttir o.fl. 2014) er bók sem ætluð er í málörvunarvinnu með ungum börnum. Í bókinni má finna bjargir sem inniheldur gátlista og verkferla sem ætlaðir eru til að finna börn með málþroskafrávik og styðja starfsmenn við að grípa sem fyrst inn í ferlið eftir hugmyndafræði snemmtækrar íhlutunar.



Mynd 8

Málörvunarefni – Spilasafnið, Bókasafnið og Pokasafnið



Mynd 9

Allt málörvunarefni sem til er í leikskólanum hefur verið flokkað og skipulagt. Efninu hefur verið safnað saman í miðrými leikskólans þar sem allir hafa aðgang að því. Annars vegar eru spil og nokkrar bækur sem nýtast í málörvun í hillu og hins vegar eru

málörvunarverkefni í pokum sem hanga á krókum uppi á vegg. Í pokunum eru litlir miðar með hugmyndum um hvernig hægt er að vinna með efnið. Safnið er flokkað eftir litakóðun (sjá mynd nr 11) sem segir til um hvaða málþætti unnið er með.



Mynd 11



Mynd 10

eftirfarandi flokka: Yngri börn og eldri börn, jólabækur, framhaldssögur, fræðslubækur, stafabækur, sérstakar bækur og kennarahilla.


Allt málörvunarefni safnsins er merkt með lítilli mynd. Við hilluna og pokana eru staðsettar töflur með nöfnum deildanna og þegar starfsmaður sækir efnið í safnið er myndin sem fylgir málörvunarefninu sett við nafn viðkomandi deildar á töflunni. Bókasafnið í Urðarhóli er einnig staðsett í miðrými leikskólans. Það er flokkað í



Mynd 12



Mynd 13



Mynd 14

### **Orðaforði**

Orðaforði er það safn orða sem einstaklingur hefur á valdi sínu. Orðaforði þróast fyrst út frá barninu sjálfu með því að það lærir að þekkja helstu líkamshluta, nánustu fjölskyldu, tilfinningar og hluti úr nánasta umhverfi. Einstaklingsmunur á umfangi orðaforða kemur snemma fram og er líklegur til þess að aukast þegar börn eldast. Ástæðurnar fyrir þessari þróun eru eflaust margbreytilegar, en ein sem oft er nefnd er sú að mikill munur er á því málumhverfi sem börn alast upp í. Orðaforði barna sem hljóta mikla málörvun heima fyrir, til dæmis með samtölum við fullorðna eða sameiginlegan lestur, þróast mun fyrir en þeirra sem ekki njóta slíkrar hvatningar.

### **Málskilningur**

Gott talmál er grunnur að námi barnsins. Barn með góðan málskilning á auðveldara með að leika sér og leysa ágreining. Það eru sterk tengsl á milli talmáls og læsis. Málskilningur barnsins styrkist jafnt og þétt þegar þú ræðir við það. Gott samtal eykur m.a. orðaforða. Það hefur mikla þýðingu þegar barnið fer að læra að lesa og skilja ritað mál. Mál- og lestrarskilningur barnsins er grunnur að árangri þess í öðrum námsgreinum og frammistöðu í námi síðar á lífsleiðinni.

**Hlustun**

Í hlustun er mikilvægt að geta staldrað við, hlustað eftir og einbeitt sér að því að túlka umhverfishljóð og talmál. Hlustun er undirstaða málskilnings, máltjáningar og viðeigandi boðskipta. Til að þjálfra hlustun er mikilvægt að vinna með heyrnarminni með því að tileinka sér, geyma og geta kallað fram heyrnrænt hljóðmynstur (oftast í réttri röð), bæði úr langtíma- og skammtímaminni. Þetta felur m.a. í sér að geta endurtekið orð og farið eftir fyrirmælum. Að bera saman heyrnræn áreiti við almenna þekkingu einstaklingsins og málvitund er heyrnræn úrvinnsla. Heyrnær úrvinnsla varðar líffræðilegt samspil margra þátta mannlíkamans og tengist því hvernig heilinn vinnur úr mismunandi áreitum sem berast til hans í gegnum eyrun (Ásthildur Bj.Snorradóttir og Bjartey Sigurðardóttir, 2018).

**Setningarfræði**

Setningafræði er eitt af kerfum tungumálsins sem þróast á ákveðinn hátt. Börn byrja að tala með því að nota einföld orð, síðan tengja þau orð í lengri einingar til að tjá flóknari merkingu. Þau læra reglur og kerfi um að raða saman orðum í setningar út frá því máli sem þau heyra í umhverfinu. Um þriggja ára aldur byrja þau að mynda þriggja orða setningar sem fela í sér frumlag, umsögn og andlag. Þau segja þá setningar þar sem einhver gerir eitthvað við eitthvað t.d. „barnið drekkur mjólk“. Þegar þau hafa náð tökum á þessari setningamyndun geta setningar farið að lengjast og þróast yfir í flóknari setningagerðir.

**Hljóðkerfisvitund**

Með hljóðkerfisvitund er átt við við þann hæfileika að geta hugsað og talað um hljóðkerfi málsins. Börn verða að vita að málið hefur ákveðið form sem kallast setningar, orð og hljóð. Hljóðin eiga sér síðan fyrirmynd sem heita stafir. Undir hljóðkerfisvitund falla eftirfarandi þættir: a) **Sundurgreining á setningum í orð**, atkvæði og hljóð. B) **Hljóðgreining** sem byggir á því að þekkja fyrsta og síðasta hljóð í orði. C) **Hljóðtenging**, að læra að hlusta á einstök hljóð og tengja þau saman í orð. D) **Hljóðflokkun**, hæfileikinn til að geta flokkað saman orð með sama upphafshljóði. E) **Orðhlutaeyðing**, hæfileikinn til að geta endurtekið einstaka orðhluta samsettra orða. F) **Rím**, hæfileikinn til að geta rímað, byggir á því að þekkja úr orð sem ekki ríma og að geta búið til rím.

**Málfræði**

Málfræði er samansafn af reglum sem einkenna hefðbundna málnotkun. Miðtaugakerfið býr yfir upplýsingum um þessar reglur og við notum þær upplýsingar þegar við myndum setningar (Ásthildur Bj. Snorradóttir og Bjartey Sigurðardóttir, 2018).

**Félagsfærni**

Viðeigandi boðskipti byggja á meðvitund um hvernig mál er notað á mismundandi hátt við mismunandi aðstæður. Hér er t.d. um að ræða viðeigandi boðskipti tengd kurteisi, samskiptum og líkamstjáningu (Ásthildur Bj. Snorradóttir og Bjartey Sigurðardóttir, 2018).

**Stærðfræði**

Magn- og stærðarhugtök byggjast á því að barnið geti gert sér grein fyrir mismundandi umfangi, þyngd og lögum hluta þegar þeir eru bornir saman.

**Reglubundnar athuganir, skimanir og próf**

Í Aðalnámskrá leikskóla 2011 segir að mat á námi, þroska og velferð barna felí í sér að safnað er upplýsingum um það sem börn fást við og hafa áhuga á; hvað þau vita, geta og skilja. Upplýsingarnar eru notaðar til að styðja við nám og velferð barna við skipulagningu leikskólastarfsins og í samstarfi við forráðamenn. Einn liður í þessu mati er notkun á matstækjum. Tilgangurinn með matstækjum er að finna þau börn sem þarfnast sérstakrar athygli og stuðnings til þess að geta veitt þeim frekari aðstoð sem fyrst. Börn sem gætu átt í erfiðleikum með ákveðna þroskaþætti og eru seinni til en jafnaldrar. Sjaldnast koma niðurstöður matstækja á óvart þar sem náði er fylgst með börnunum í leikskólunum og kennararnir vita yfirleitt hver staða hvers og eins barns er. Matstæki eru þó góð til að finna styrkleika og veikleika hjá einstaka barni og niðurstöðurnar hjálpa til við að skipuleggja áframhaldandi vinnu með barnið.

Matstæki eru notuð með upplýstu samþykki forráðamanna. Þeir eiga líka rétt á að þeim séu kynntar niðurstöður og að leitað sé eftir samvinnu við þá um frekari úrræði ef þörf er á. Athygli skal vakin á því að niðurstöður matstækja eru aðeins vísbendingar um hugsanlegan vanda barns en um leið tækifæri til að taka á vandanum og vinna áfram út frá þeim vísbendingum sem mat á þroska, hegðun og námsframvindu gefur. Á síðustu áratugum hefur áherslan í rannsóknum á lestrarerfiðleikum beinst sífellt meira að samspili málþroska og lesturs. Góður málþroski, og þar með talin góð hljóðkerfisvitund, eykur líkurnar á farsælu lestrarnámi. Það er því mikilvægt




að fylgjast náið með þeim þáttum sem vitað er að hafa áhrif hafa á framvindu lestrarnáms og grípa inn í ef þörf er á.

Þrenns konar matstæki eru lögð fyrir öll börn í Heilsuleikskólanum Urðarhóli í þeim tilgangi að fylgjast með almennum þroska þeirra. Heilsubókin (skráningar á 6 mánaða fresti) þann tíma sem barnið er í leikskólanum, *EFI-2* málþroskaskimun er lögð fyrir þegar barnið er um þriggja ára og *HLJÓM-2* próf í leikjaformi er lagt fyrir öll elstu börn leikskólans.


### Heilsubók barnsins

Heilsubók barnsins er veigamikill þáttur í leikskólastarfinu og var samin og þróuð af kennurum skólans. Í Heilsubók barnsins eru skráðar ýmsar upplýsingar um barnið sbr. hæð, þyngd, heilsufar, fjarvera vegna veikinda, næring, svefn, lífsleikni, hreyfing og sköpun. Bókin er trúnaðarmál og er eign barnsins í lok skólagöngu. Tvisvar á ári þ.e. þegar barnið á afmæli og hálfu ári síðar er skráð í Heilsubókina. Einu sinni á ári í afmælismánuði barnsins er foreldrasamtal við kennara, oftast ef þörf krefur. Í þessu samtali útskýrir leikskólakennari fyrir forráðmönnum stöðu barnsins í viðkomandi þáttum. (Guðlaug Sjöfn Jónsdóttir, 2006).



Mynd 15

### EFI-2




Mynd 16

*EFI-2* málþroskaskimun er skimun á málskilningi og máltjáningu barna sem eru á 4. aldursári. Höfundar eru talmeinafræðingarnir Elmar Þórðarson, Friðrik Rúnar Guðmundsson og Ingibjörg Símonardóttir. *EFI-2* er ætlað leikskólakennurum og öðrum sérfræðingum í leikskólum landsins, sem koma að sérkennslu barna.

## HLJÓM-2

*HLJÓM-2* er próf í leikjaformi sem er lagt fyrir til að meta hljóðkerfis- og málmeðvitund barna í elsta árgangi leikskólans í því skyni að greina þau börn sem eru í áhættu fyrir síðari lestrarerfiðleika. Slök hljóðkerfis- og málvitund er talin aðalorsök lestrarvanda hjá 88% barna (Amalía Björnsdóttir og fl. 2002). Farið er yfir niðurstöður prófsins með foreldrum og fá þeir eyðublað með niðurstöðum prófsins til eignar.



Mynd 17

## Hlutverk sérkennslustjóra


Hlutverk sérkennslustjóra er að halda utan um öll mál sem snúa að sérkennslu í leikskólanum. Sérkennslustjóri ber ábyrgð á skipulagningu, framkvæmd og gerð einstaklingsnámskráa og endurmati í sérkennslu. Um leið heldur hann utan um og stýrir gerð verkefna og því að meðferðar- og kennsluáætlunum annarra sérfræðinga sé framfylgt og skýrslur gerðar. Veigamikill þáttur í verkefnum sérkennslustjóra er upplýsingaöflun og miðlun. Það fara reglulega fram fundir við tengiliði sérkennslu deildanna/deildarstjóra þar sem rætt er um barnahópinn, hvort þörf sé á inngripum og/eða hvort leita þurfi til utanaðkomandi sérfræðinga vegna nánari greininga á frávikum. Einnig er rætt hvernig málum miðar áfram með þau börn sem verið er að vinna sérstaklega með svo eitthvað sé nefnt. Jafnframt veitir sérkennslustjóri öllu starfsfólki leikskólans stuðning og kynnir fyrir þeim stöðu mála. Sérkennslustjóri vinnur í nánú samstarfi við forráðamenn til þess að stuðla að aukinni velferð og vellíðan barnsins. Sérkennslustjóri veitir foreldrum ráðgjöf, stuðning og situr teymisfundi þegar málefni barnsins eru rædd.

## Viðbrögð við frávikum

Þegar starfsfólk verður vart við frávik eða hefur áhyggjur af þroska barns eru notaðir gátlistar frá stoðþjónustu leikskóladeildar menntasviðs sem fyllt er út í til að sjá betur stöðu barnsins. Listarnir eru **Gátlisti fyrir skilning á tali í samhengi**, **Spurningar um styrk og vanda**, **Mat á hegðunarvanda og Gátlistar fyrir málþroska**. Einnig er notað málþroskaprófið **Orðaskil** þegar þörf er á nánara mati á orðaforða barns á aldrinum 18-36 mánaða. Ef þörf er fyrir meira inngrip vegna frávíks í þroska barns er notast við **Smábarnalistann** (fyrir 15-38 mánaða) eða **Íslenska þroskalistann** (fyrir 3;0-3;10 ára) til að meta heildarþroska barnsins. Eftir að þessir

listar hafa verið fylltir út er inngríp sett af stað í 3 mánuði með áherslu á þau atriði sem kom í ljós að var ábótavant. Ef engar eða litlar framfarir verða eftir þann tíma er send beiðni um nánari greiningu frá sérfræðingum um stöðu barnsins. Í kjölfarið er útbúin einstaklingsnámskrá þar sem staða barnsins kemur fram og sett eru raunhæf markmið til að vinna næstu skref með barninu. Þetta ferli er alltaf gert í samvinnu við forráðamenn barnsins. Í einhverjum tilfellum er notast við **AEPS** (sjá nánar á bls 23) matskerfi til að útbúa einstaklingsnámskrár, þar sem matskerfið skýrir hvaða þætti barnið þarf aðstoð við og leggur fram tillögur að viðeigandi markmiðum.


### Matstæki í leikskólanum Urðarhóli



Mynd 18

## Gátlistar frá stoðþjónustu leikskóladeildar menntasviðs


Ef grunur vaknar um frávik hjá barni hefur starfsfólk aðgang að listum frá stoðþjónustu sem eru nýttir til að meta stöðu þess. Þessir listar eru fylltir út af leikskólakennurum og/eða foreldrum barnsins. Unnið er með frávikin út frá niðurstöðum listanna. Ef ekki tekst að ná settum markmiðum er send beiðni og óskað eftir sérfræðiþjónustu frá stoðþjónustu menntasviðs.



Mynd 19


## Orðaskil

Orðaskil er málþroskapróf sem byggir á orðaforðagátlista fyrir börn á aldrinum eins og hálfis til þriggja ára (Elín Þöll Þórðardóttir, 1998). Prófinu er ætlað að mæla orðaforða barna og hvort þau hafi náð valdi á beygingarkerfi og setningagerð málsins. Aldursviðmið fylgja prófinu en með samanburði er skorið úr um hvort málþroski barna mælist innan eðlilegra marka miðað við jafnaldra.



Mynd 20

## Smábarnalisti




Mynd 21

Smábarnalisti er staðlaður þroskalisti ætlaður til að meta málþroska, hreyfiþroska og sjálfsbjörg ungbarna á aldrinum 15 til 38 mánaða með því að afla upplýsinga frá mæðrum þeirra (Einar Guðmundsson og Sigurður J. Grétarsson. 2005). Mæður svara stöðluðum spurningum um málfærni, hreyfifærni og sjálfsbjörg barna sinna á þeim tíma þegar listinn er fylltur út.


## Íslenski þroskalistinn

Listinn er ætlaður fyrir þriggja til sex ára börn. Mæður barnanna svara listanum og meta getu þeirra á mál- og hreyfisviði. Prófbættir eru: Málþáttur (hlustun, tal og nám) og Hreyfiþáttur (grófhreyfingar, fínhreyfingar og sjálfsbjörg). Til samans mynda undirprófin þroskatölu sem gefur til kynna almennan þroska barnsins að mati móður (Einar Guðmundsson og Sigurður J. Grétarsson, 2005).



Mynd 22


## Félagshæfnisögur



Mynd 23


Félagshæfnisögur eru mikið nýttar og gagnast börnum við að takast á við nýjar eða breyttar aðstæður og til að breyta óæskilegri hegðun. Sögurnar eru í flestum tilfellum gerðar í tveimur eintökum, eitt fyrir heimili barnsins og annað fyrir leikskóla. Sögurnar eru stuttar og þær eru alltaf jákvæðar. Sagan er jafnframt skrifuð eins og barnið sé að segja hana: „Ég heiti Óli og ég á heima...“. Leitast er við að hrósa barninu í sögunni: „Ég er dugleg“ og enda oft á uppörvandi setningu eins og: „Það er gaman í hreyfistund.“

### Einstaklingsnámskrár



Mynd 24

Einstaklingsnámskrá fyrir börn sem eiga stuðningstíma er ítarleg áætlun fyrir börn með sérþarfir sem unnin er af kennara í samráði við foreldra og tekur til markmiða og leiða fyrir ákveðið tímabil. Hún byggir jafnframt á viðmiðum, greinandi prófum, skimunum og athugunum. Til eru tvær gerðir af einstaklingsnámskrám í leikskólanum. Fer það eftir áherslum og þörfum hvers barns hvora einstaklingsáætlun er unnið með.



Mynd 25



Mynd 26

### Bínureglur

Áhersla er lögð á að kenna boðskiptareglur Bínu en þær hjálpa börnum að læra viðeigandi boðskipti sem er mjög mikilvægur þáttur í þeirra námi. Reglurnar eru sýnilegar börnunum á myndrænu formi inni á deildum og eru rifjaðar upp þegar við á. Reglurnar eru eftirfarandi: Að sitja kyrr, hlusta, passa hendur, bíða, skiptast á og muna (Ásthildur Bj. Snorradóttir. 2007).

### Myndrænt skipulag


Myndrænt dagskipulag er sýnilegt og er sérstaklega sett upp í augnhæð barnanna inni á deildum. Einnig er notað myndrænt skipulag til að útskýra mismunandi veðurfar. Veðurfræðingar kanna veðrið og upplýsa hin börnin um hvernig veður sé og hvernig best sé að klæða sig fyrir daginn í samræmi við það. Þannig er einnig unnið með sértækan orðaforða og frásögn. Skipulagið hjálpar börnum að sjá fyrir sér hvernig dagurinn verður og gefur þannig aukið öryggi. Einnig hvetur það þau til að setja orð á athafnir daglegs lífs. Segja má að myndrænt skipulag hjálpi öllum börnum en þó sérstaklega börnum sem eru með frávík og þau sem eru tví- og fjöltyngd til þess að takast á við athafnir dagsins af öryggi vegna þess að þá vita þau um röð athafna og hvað er ætlast til af þeim.



Mynd 27

### AEPS matslisti

AEPS er færnimiðaður matslisti sem metur stöðu og framfarir barns en metur barnið ekki við meðalfærni jafnaldra. Upplýsingum er safnað frá foreldrum og leikskólanum og niðurstöður gefa mynd af þörfum, styrkleikum og veikleikum barnsins og er jafnframt grundvöllur þegar útbúið er einstaklingsnámskrá og íhlutun skipulögð (Aðalheiður Una Narfadóttir og fl. 2015).



Mynd 28

## Umgjörð um leikskólastarfið

### Hreyfistundir

Í heilsustefnunni er lög áhersla á að barn fái notið sín í mismunandi hreyfingu og þar er leikurinn lagður til grundvallar um leið og unnið er því að þjálfa jafnvægi, samhæfingu hreyfinga sem og kraft og þor. Áhersla er lögð á að barn öðlist kjark til að þora að prófa sig áfram og athuga hvers líkami þess er megnugur sem gerir það ósjálfrátt að verkum að færni barnsins í grófhreyfingum eykst. Í



Mynd 29

Í skipulögðum hreyfistundum fást tækifæri til að efla málþroska barnanna á ýmsan hátt. Afstöðuhugtök eins og undir, yfir, á bak við o.s.frv., líkamsheiti og hátt, langt, stutt eru tilvalin hugtök til að vinna með í hreyfistundum.

Í skólanum eru skipulagðar hreyfistundir í umsjá fagstjóra einu sinni í viku fyrir hvert barn.

### Útinám

Í Urðarhóli fara öll börn í útikennslu a.m.k. tvisvar í mánuði. Þar gefst tækifæri til að samtvinna alla grunnþætti menntunar. Með því að fara út fyrir lóð leikskólans fá börnin að kynnast náttúrunni og umhverfi sínu á annan hátt og fá að upplifa fjölbreyttara umhverfi og náttúru. Í útikennslu gefst einstakt tækifæri til að auka orðaforða barnanna með því að ræða um það sem fyrir augu og eyru ber s.s. nöfn á



Mynd 30

plöntum, dýrum, veðri, árstíðum o.s.frv. Úrvinnsla úr útinámi og vettvangsferðum er afar mikilvæg. Með því að rifja upp ferðina með börnunum og ræða við börnin um upplifanir og reynslu eykst orðaforði þeirra og málskilningur. Auk þess sem almenn þekking þeirra á umhverfinu og samfélaginu eykst og festist í minni.



## Tónmennt

Fagstjóri sér um tónlistarstundir á hverri deild einu sinni í viku. Áhersla er lögð á sjónræna framsetningu til að efla skilning á innihaldi textans. Lagavalið er fjölbreytt og alþjóðlegt. Einnig eru dansstundir í íþróttasal fyrir eldri deildar einu sinni í viku.



Mynd 31



Mynd 31

## Textíll

Eitt af áhersluatriðum Heilsuleikskólans Urðarhóls er listsköpun í leik og starfi. Inn í það fellur starf leikskólans okkar með textíl og sér fagstjóri í textíl um þá vinnu ásamt öðrum. Markmiðið með stundunum er margþætt og er ein aðaláherslan lögð á læsi í víðum skilningi þar sem unnið er með sértækan orðaforða eins og nál, tvinni garn, þráður, vefur o.s.fr.



Mynd 33

## Foreldrasamstarf

Foreldrasamstarf er afar mikilvægt og hefur jákvæð áhrif á leikskólastarfið í heild sinni þar sem það stuðlar að traustum og góðum samskiptum milli foreldra/forráðamanna og starfsfólks. Gott foreldrasamstarf er grundvöllur fyrir bæði foreldra/forráðamanna og kennara til að geta átt samræður við barnið um upplifanir þess, sbr. *Bókin mín*, og þannig er hægt að leiða það áfram í samræðum og efla þar með mál- og félagsþroska þess.

Byrjað er að vinna að aðlögunarviðtölum í leikskólanum, kominn er rammi með spurningum sem verður endurmetinn eftir að tekin hafa verið nokkur viðtöl. Aðlögunarviðtölin og spurningarnar sem lagðar verða fyrir verða notaðar til að fá upplýsingar um þroska og getu barnanna frá foreldrum. Ef foreldrar hafa áhyggjur af þroska barns síns kemur það strax fram í þessu viðtali. Ef áhyggjur vakna í því viðtali verður byrjað á íhlutun og foreldrar fá strax ráðgjöf og staðan endurmetin með öðru viðtali eftir 3 mánuði.

### Samverustundir

Í Urðarhóli eru samverustundir á öllum deildum tvisvar til þrisvar sinnum á dag alla daga vikunnar. Samverustundir eru mjög mikilvægur þáttur leikskólastarfsins og henta þær afar vel til málörvunar. Í þeim koma börnin saman og hlusta á sögur, syngja saman, koma fram fyrir hópinn og t.d. syngja eða segja brandara, læra þulur og að ríma og fara í leiki, t.d. *Ein ég sit og sauma, Fela hlut* og *Hver er undir teppinu*. Þar er einnig unnið með námsefnið *Lubbi finnur málbein* ásamt því að rætt er um umhverfismál, tilfinningar og málefni líðandi stundar. Fyrsta samverustund morgunsins er um leið ávaxtastund og veðurfræðistund. Á elstu deildunum eru valdir umsjónarmenn fyrir daginn og þeir bjóða börnunum upp á ávexti. Í þeirri samverustund er einnig farið yfir myndræna dagskipulagið með börnunum og rætt um það sem framundan er.

### Tengsl skólastiga

Samstarf Urðarhóls við Kársnesskóla og Kópavogsskóla hefur gengið vel. Skýrslur sérfræðinga varðandi börn með frávík fylgja þeim á milli skólastiga og sömuleiðis niðurstöður úr HLJOM-2 fyrir öll börn. Samtal á sér stað á milli kennara beggja skólastiga um öll börn sem flytjast á milli skóla.

Á degi íslenskrar tungu á hverju ári fá leikskólabörnin heimsókn frá börnum í 4. bekk sem lesa fyrir þau bækur.

Síðastliðið ár hefur verið í gangi þróunarverkefni á milli Skólatraðar og Kópavogsskóla um samfellu milli skólastiga. Þegar verkefninu er lokið mun koma út sameiginleg námskrá fyrir elsta árgang leikskólans og yngsta árgang grunnskólans.

## Lokaorð – ávinningur

Vinnan við þetta verkefni hefur verið afar lærdómsrík og skemmtileg. Eftir að hafa farið yfir allt námsefnið og gert það aðgengilegra fyrir starfsfólk hefur málörvun í skólanum orðið markvissari. Verkefnið hefur haft valdeflandi áhrif á starfsfólk skólans sem gengur öruggara en áður að verkefnum markvissrar málörvunar. Verkefnið er lifandi og mun halda áfram að þróast með jafningjafræðslu og reynslu starfsfólksins. Einnig verður leitast eftir reglubundinni fræðslu utanaðkomandi fagaðila.

## Heimildaskrá

- Aðalheiður Una Narfadóttir, Atli Freyr Magnússon, Helga Kristinsdóttir og Þórunn Halldórsdóttir. (2015). *AEPS, færnimiðað matskerfi*. Kópavogur: Greiningar- og ráðgjafastöð ríkisins.
- Amalía Björnsdóttir, Ingibjörg Símonardóttir og Jóhanna Einarsdóttir. (2002). *Hljóm-2. Athugun á hljóð og málvitund leiskólabarna*. Reykjavík: Gutenberg.
- Ásthildur Bj. Snorradóttir. (2007). *Bína Bálreiða*. Reykjavík: Salka.
- Ásthildur Bj. Snorradóttir, Anney Ágústsdóttir, Bergros Ólafsdóttir, Margrét Þóra Jónsdóttir og Sigurður Sigurjónsson. (2014). *Snemmtæk íhlutun í málörvun tveggja og þriggja ára barna*. Akranes: Útg. höfundar.
- Ásthildur Bj. Snorradóttir og Bjartey Sigurðardóttir. (2018). *Tölum saman. Málörvunarkerfi fyrir börn með málþroskafrávik og tvítyngd börn*. Reykjavík: Höfundur.
- Barnaheill. (e.d.). Vinátta. Sótt af <https://www.barnaheill.is/is/forvarnir/vinatta>
- Birte Harksen. (2005). Stafagaldur - Lokaskýrsla um þróunarverkefni. Sótt af [https://www.bornogtonlist.net/Stafagaldur\\_Lokaskyrsla.pdf](https://www.bornogtonlist.net/Stafagaldur_Lokaskyrsla.pdf)
- Cabell, S. Q., Justice, L., McGintyc, A. S., DeCoster, J og Forstona, L. D. (2015). Teacher-child conversations in preschool classrooms: Contributions to children's vocabulary development. *Early Childhood Research Quarterly*, 30(1), 80-92. doi.org/10.1016/j.ecresq.2014.09.004
- Einar Guðmundsson og Sigurður J. Grétarsson. (2005). *Smábarnalistinn – Handbók*. Reykjavík: Námsgagnastofnun.
- Einar Guðmundsson og Sigurður J. Grétarsson. (1997). *Íslenski þroskalistinn – Handbók*. Reykjavík: Rannsóknarstofnun uppeldis- og menntamála.
- Elín Þöll Þórðardóttir. (1998). *Orðaskil – málþroskapróf*. Reykjavík: Framsaga.
- Elmar Þórðarson, Friðrik Rúnar Guðmundsson og Ingibjörg Símonardóttir. (2012). *EFI-2. Málþroskaskimun fyrir börn á fjórða ári*. Akranes: Talþjálfun og ráðgjöf.
- Eyrún Í. Gísladóttir og Þóra Másdóttir. (2009). *Lubbi finnur málbein*. Reykjavík: Mál og Menning.
- Guðlaug Sjöfn Jónsdóttir. (2006). *Heilsustefnan – Heilsuleikskólinn Urðarhóll*. Reykjavík: IÐNÚ bókaútgáfa.

## Viðauki

- Aðlögunarviðtal
- Einstaklingsnámskrá 1-2 flokkur
- Einstaklingsnámskrá 3-4 flokkur
- Félagsfærnisaga
- Gátlistar frá menntasviði
- EFI-2
- HLJÓM-2
- Upplýst samþykki foreldra vegna rafrænnar heilsubókar
- Skýringar á flokkun málörvunarefnis

# Aðlögunarviðtal

Foreldrum boðið viðtal á fyrsta mánuði

- Dvalarsamningur undirritaður.
  - Dvalartími réttur?
  - Farið yfir upplýst samþykki vegna rafrænnar heilsubókar.
  - Myndbirtingarblað samþykkt.
  - Láta foreldra vita af appinu VALA og að við nýtum það til samskipta og upplýsinga t.d. vegna fjarveru.
  - Breytingar á dvalartíma fara í gegnum þjónustugátt á [www.kopavogur.is](http://www.kopavogur.is)
  - Græna bókin kynnt og afhent.
- 
- Hvernig líkar ykkur í Urðarhóli?
  - Eitthvað sem má betur fara?
  - Hvernig fannst ykkur aðlögunin ganga?
  - Eitthvað sem betur mátti fara?
- 
- Hvernig líður barninu hjá okkur?
  - Hefur barnið notið stuðnings eða sérþjónustu áður?
  - Er eitthvað sem þið hafið áhyggjur af eða eruð að velta fyrir ykkur?
- 
- Fylgjast með upplýsingum frá leikskólastjóra, deildarstjóra í tölvupóstum.
  - Upplýsingatafla í fataherbergi.
  - Heimasíðan [www.urdarholl.kopavogur.is](http://www.urdarholl.kopavogur.is)



# Heilsuleikskólinn Urðarhóll

## Einstaklingsnámskrá

nafn  
kt

Afrit sent:  
Foreldrum  
Sérkennslufulltrúa Kópavogsbæjar

<b>Dags</b>		<b>Gildistími</b>	<b>Frá</b>		<b>Til</b>	
-------------	--	-------------------	------------	--	------------	--

<b>Nafn</b>	<b>Kennitala</b>	<b>Heimilisfang</b>	<b>Leikskóli</b>	<b>Deild</b>
<b>Foreldrar</b>	<b>Kennitala</b>	<b>Heimilisfang</b>	<b>GSM</b>	<b>Netfang</b>

<b>Hlutverk/tengsl</b>	<b>Meðlimir kjarnateymis</b>	<b>Netfang</b>	<b>Sími</b>
<b>Móðir</b>			
<b>Faðir</b>			
<b>Sérkennsluráðgjafi</b>			
<b>Sérkennslustjóri</b>			
<b>Deildarstjóri</b>			
<b>Stuðningur</b>			
<b>Sálfræðingur</b>			

Hvaða upplýsingar eru hafðar til hliðsjónar við gerð áætlunarinnar

Áhersluþættir næstu mánaða/langtímamarkmið

Staða barnsins í dag – styrkleikar/veikleikar

\_\_\_\_\_  
Sérkennslustjóri

\_\_\_\_\_  
Foreldri/forráðamaður

\_\_\_\_\_  
Deildarstjóri



**Fínhreyfingar**

<b>Staðan í dag</b>	
<b>Markmið</b>	<b>Leiðir að markmiðum</b>

**Grófhreyfingar**

<b>Staðan í dag</b>	
<b>Markmið</b>	<b>Leiðir að markmiðum</b>

**Færni í daglegum athöfnum**

<b>Staðan í dag</b>	
<b>Markmið</b>	<b>Leiðir að markmiðum</b>

**Vitsmunabáttur**

<b>Staðan í dag</b>	
<b>Markmið</b>	<b>Leiðir að markmiðum</b>

**Félagsleg tjáskipti**

<b>Staðan í dag</b>	
<b>Markmið</b>	<b>Leiðir að markmiðum</b>

**Félagsleg samskipti**

<b>Staðan í dag</b>	
<b>Markmið</b>	<b>Leiðir að markmiðum</b>

**Einbeiting og úthald**

<b>Staðan í dag</b>	
<b>Markmið</b>	<b>Leiðir að markmiðum</b>

## Einstaklingsnámskrá

<b>Nafn barnsins:</b>	
<b>Deild:</b>	<b>Tímabil:</b>
<b>Hvað er haft til hliðsjónar við gerð þessarar námskrár:</b>	
<b>Kennari sem tekur ábyrgð á að framfylgja námskránni:</b>	

<b>Móttaka ?:</b> <b>Hverju viljum við ná fram?</b>  <b>Hvernig gerum við?</b>	Framkvæmir:
---	-------------

<b>Leikur barnsins ?:</b> <b>Hverju viljum við ná fram?</b>  <b>Hvernig gerum við?</b>	Framkvæmir:
---	-------------

<b>Málrækt ?:</b> <b>Hverju viljum við ná fram?</b>  <b>Hvernig gerum við?</b>	Framkvæmir:
---	-------------

<b>Skil ?:</b> <b>Hverju viljum við ná fram?</b>  <b>Hvernig gerum við?</b>	Framkvæmir:
--	-------------

Dæmi um þætti sem gæti þurft að vinna með:

Hreyfing

Málörvun – orðaforði – stöðuhugtök – þekking á litum – þekking á leiktækjunum

Útivist – þol – fimi – þor

Fínhreyfingar

Samskiptahæfni

Hamingja

Sjálfræði

## Félagsfærnisaga

Að segja bless við mömmu eða pabba.

Ég heiti Hjördís og ég er 3 ára dugleg stelpa.

Leikskólinn minn heitir Urðarhóll og deildin mín  
Sjávarhóll



Pabbi eða mamma fara með mig í leikskólann og svo fara þau að vinna. Þótt mamma og pabbi þurfi að vinna þá eru þau samt að hugsa til mín. Þegar við komum í leikskólann ætla kennararnir mínar að hugsa um mig á meðan mamma og pabbi eru að vinna.



Ég ætla að kveðja mömmu eða pabba og fara að leika mér við vini mína.



Gátlistar frá menntasviði

## Mat á hegðunarfanda

Starfsmaður: \_\_\_\_\_ Dagsetning: \_\_\_\_\_ Nafn barns: \_\_\_\_\_ Deild: \_\_\_\_\_

Áður en matið er gert þarf fylgjast með barninu í mismunandi aðstæðum nokkrum sinnum og skrá þegar erfið hegðun á sér stað, aðdraganda hennar (það sem gerist á undan t.d. fyrirmæli starfsfólks, hegðun annarra barna eða annað sem virðist “kveikja” erfiða hegðunina) og afleiðingar hennar (það sem gerist strax á eftir hegðuninni t.d. viðbrögð barna eða starfsfólks). Skráðu hversu oft hegðun á sér stað eða hversu lengi hún varir. Lýstu þeim aðstæðum (í leikskólanum og/eða heima) þar sem erfið hegðun kemur fram og tiltaktu hvenær hún á sér stað. Lýstu nákvæmlega þeirri hegðun sem veldur vanda (getur verið fleiri en ein hegðun), aðdraganda hennar í aðstæðunum og afleiðingar.

Aðstæður dagsetn./tími	Aðdragandi (A)	Erfið hegðun (H)	Afleiðing (t.d. viðbrögð starfsfólks/barna) (A)

Hversu oft á erfiða hegðunin sér stað (oft á dag, daglega, 2x í viku o.s.frv.) og hversu lengi varir hún í hvert sinn (t.d. 1 mínútu, 10 mínútur o.s.frv.)?

Hvenær eru mestar líkur á að hegðunin eigi sér stað (skrifið lýsingu í reitina)?

- Á tilteknum dögum (t.d. mánudegi)? \_\_\_\_\_
- Á tilteknum tíma dags (t.d. strax eftir \_\_\_\_\_)

- útiveru)? \_\_\_\_\_
- Í samskiptum við ákveðin börn eða starfsfólk? \_\_\_\_\_
  - Í ákveðnum aðstæðum (t.d. samverustund)? \_\_\_\_\_
  - Í tengslum við ákveðin verkefni (t.d. púsla)? \_\_\_\_\_
  - Í tengslum við breytingu á rúttinu (t.d. ef e-ð fellur niður)? \_\_\_\_\_
  - Í tengslum við líkamlega þætti (t.d. þreytu eða lyfjagjöf)? \_\_\_\_\_
  - Í tengslum við e-ð annað? \_\_\_\_\_
- \_\_\_\_\_
- \_\_\_\_\_

Hvað er mikilvægast fyrir barnið að læra sem það kann ekki nú þegar (t.d. að biðja um aðstoð, klæða sig í skó, skammta sér á diskinn)?

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

Hvað hefur verið gert til að reyna að bæta/breyta hegðuninni? Hvernig hefur það gengið?

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

Hvað hefur verið reynt að gera varðandi aðdraganda erfiðrar hegðunar (merktu við eitt eða fleira)

- Breytt verkefnum svo þau hæfi barninu \_\_\_\_\_
  - Breytt sætaskipan (t.d. hjá starfsmanni) \_\_\_\_\_
  - Breytt uppröðun verkefna/stundaskrá \_\_\_\_\_
  - Einstaklingskennsla til að bæta færni barns \_\_\_\_\_
  - Annað efni t.d. í hópastarfi \_\_\_\_\_
- \_\_\_\_\_



- Séraðstoð frá starfsmanni \_\_\_\_\_
- Annað eða nánari lýsing \_\_\_\_\_

Hvað hefur verið reynt til að kenna viðeigandi hegðun: (merktu við eitt eða fleira)

- Minnt á viðeigandi hegðun þegar líkur eru á erfiðri hegðun \_\_\_\_\_
- Útskýrt reglur og viðeigandi hegðun fyrir öllum börnunum \_\_\_\_\_
- Munnlegt samkomulag við barnið \_\_\_\_\_
- Hvatningakerfi með umbun fyrir tiltekna hegðun \_\_\_\_\_
- Æft viðeigandi hegðun með öllum börnunum \_\_\_\_\_
- Kerfisbundin endurgjöf við tiltekna hegðun (t.d. lýsandi hrós) \_\_\_\_\_
- Samningur við barnið í samvinnu við foreldra \_\_\_\_\_
- Annað eða nánari lýsing: \_\_\_\_\_

Hvaða viðbrögð/afleiðingar hafa verið notaðar til að draga úr erfiðri hegðun: (merktu við eitt eða fleira)

- Jákvæð hegðun styrkt \_\_\_\_\_
- Missir á fríðindum \_\_\_\_\_
- Einvera/hlé \_\_\_\_\_
- Barnið fjarlæggt úr aðstæðum (t.d. fram í fataklefa) \_\_\_\_\_
- Annað eða nánari lýsing: \_\_\_\_\_

Hvað hefur erfiða hegðunin varað lengi?

---

---

---

**Hefur erfiða hegðunin neikvæð áhrif á nám barnsins eða annarra á deildinni?**

---

---

---

**Ógnar erfiða hegðunin öryggi barnsins eða annarra á deildinni?**

---

---

---

**Hefur erfiða hegðunin neikvæð áhrif á félagslega stöðu eða líðan barnsins?**

---

---

---

**Annað sem þú vilt taka fram?**

---

---

---

Nafn barns: \_\_\_\_\_ Deild: \_\_\_\_\_  
 Nafn starfsmanns: \_\_\_\_\_ Dags.: \_\_\_\_\_

## Gátlisti fyrir kvíðaeinkenni hjá börnum á leikskólaaldri

*Gerid einungis hring utan um „já“ ef atriði eiga oft við, styrkleiki þeirra er mikill og gera það að verkum að barn getur ekki tekið þátt í leik eða starfi eða þroskast eðlilega*

Fær barnið oft höfuðverk eða magaverk sem hefur ekki læknisfræðilegar skýringar	Já	Nei
Fær barnið oft grunna hraða öndun eða hraðan hjartslátt án sýnlegrar ástæðu?	Já	Nei
Fær barnið oft martraðir?	Já	Nei
Endurtekur barnið erfiða lífsreynslu í leik?	Já	Nei
Hefur barn óhóflegar áhyggjur af hæfni eða gæðum verka sinna?	Já	Nei
þarf barnið mikla staðfestingu á hvernig á að vinna verkefni og að þau séu rétt/vel unnin?	Já	Nei
Er barnið lengi að vinna verkefni vegna þess að það kemur sér ekki að verki, strokar endurtekið út eða byrjar uppá nýtt?	Já	Nei
Eyðir barnið miklum tíma í ákveðnar athafnir s.s. raða hlutum, telja, þvo sér o.s.frv.?	Já	Nei
Bregst barnið við með erfiðri hegðun (skapofsa, gráti, miklum leiða) ef það er truflað í að endurtaka athafnir, byrja á athöfnum eða gera það sem það er vant að gera?	Já	Nei
Er barnið mjög hljóðlát, spyr ekki spurninga, virðist eiga erfitt með að vinna verkefni fyrir framan aðra?	Já	Nei
Verður barnið óttaslegið í ákveðnum aðstæðum eða návist barns eða fullorðins?	Já	Nei
Reynir barnið að forðast önnur börn/fullorða/verkefni?	Já	Nei
Tekur barnið reiðiköst eða sýnir mótþróa þegar gerðar eru kröfur, e-h óvænt kemur uppá eða breytingar verða á dagskipulagi eða fyrirframákveðnum verkefnum?	Já	Nei
Verður barnið óttaslegið í nýjum aðstæðum?	Já	Nei
Hefur barnið miklar áhyggjur af fjölda atburða?	Já	Nei
Hefur barnið óraunhæfar áhyggjur af e-h sem gæti ógnað eins og mannræningjum, þjófum, bílslysi, dauðanum?	Já	Nei
Óttast barnið aðstæður sem erfitt er að komast út, mannfjölda eða lyftur?	Já	Nei
Er barnið með viðvarandi ótta við aðstæður eða hluti s.s. hæð, flug, dýr?	Já	Nei
Grætur barnið eða tekur skapofsakast við aðskilnað?	Já	Nei
Neitar barnið að fara í leikskólann á morgnana?	Já	Nei
Þegar barn er í kvíðavekjandi aðstæðum bregst það við með að stirðna, flýja, ofbeldi eða skapofsakasti?	Já	Nei

Ef mörgum spurningum er svarað játandi og/eða hegðun barnsins er mjög hamlandi er mælt með að ræða áhyggjur við foreldra og gera áætlun um íhlutun. Nauðsynlegt er að fylla út þennan gátlista ef barni er vísað í athugun vegna tilfinningalegra erfiðleika.

# Gátlisti fyrir málþroska 2-3 ára barna

## Skimun kennara á mál/talvanda leikskólabarna

Áður en barni á aldrinum 2-3 ára er vísað til málfarslegrar athugunar skal leggja fyrir *Orðaskil* og *Smábarnalistann*. Ef niðurstöður Orðaskila og Smábarnalistans eru **>1,5** staðalfrávik frá meðaltali er ástæða til að vísa barninu áfram í greiningu.

Nafn barns: \_\_\_\_\_ kt. \_\_\_\_\_

Leikskóli: \_\_\_\_\_

Útfyllt af: \_\_\_\_\_

### **Hakið við það sem barnið getur:**

- Skilið merkingarmun orða (fara-koma; inn-út; stór-lítil; upp-niður).
- Farið eftir tveggja þrepa skilaboðum (t.d. náði í bókina og láttu hana á borðið).
- Sagt frá því sem það gerir í leikskólanum og með leikfélögum sínum.
- Notað þriggja orða setningar.
- Gert sig þokkalega skiljanlegt við ókunnuga.
- Talað reiprennandi án þess að endurtaka orð eða orðhluta.
- Þróunar framburðar (geta til að mynda rétt máhljóð) er stutt á veg komin.

### **Hakið við það sem barnið gerir:**

- Skilur einföld boð eða spurningar: „Hvar er mamma?“, „Má ekki“, „Náðu í skóna þína“, „Eigum við að lesa bók?“
- Notar örfá orð til að tjá sig.
- Notar orð til að tjá sig.
- Reynir að tjá sig með orðum, heldur bendir og/eða grætur til að fá það sem það vill.
- Notar sömu hljóðakeðju yfir alla hluti (t.d. ba ba).
- Hlustar þegar talað er til þess.
- Reynir að herma eftir orðum.
- Hefur áhuga á samskiptum við fullorðna eða börn.
- Mikill munur er á mállegri og verklegri getu (dundar vel í athöfnum þar sem ekki reynir á mál en óróleiki, spenna og úthaldsleysi gerir vart við sig þegar gerðar eru kröfur um tjáningu).

# Gátlisti fyrir málþroska 3;6-4;0 ára barna

## Skimun kennara á mál/talvanda leikskólabarna

Áður en barni á aldrinum 3;6-4;0 ára er vísað til málfarslegrar athugunar skal leggja fyrir *EFI-2 málþroskaskimun* og *Íslenska þroskalistann*. Ef mælitölur *Hlustunar* og *Tals* á *Íslenska þroskalistanum* eru <40 og barn nær ekki meðalgetu miðað við aldur á *EFI-2* er ástæða til að vísa barninu áfram í nánari greiningu.

Nafn barns: \_\_\_\_\_ kt. \_\_\_\_\_

Leikskóli: \_\_\_\_\_

Útfyllt af: \_\_\_\_\_

### **Hakið við það sem barnið getur:**

- Heyrt þegar kallað er á það úr öðru herbergi.
- Skilið einfaldar spurningar: Hver? Hvað? Hvar? Hvers vegna? (Af hverju?)
- Talað um það sem það gerir í leikskólanum og með leikfélögum sínum.
- Notað setningar sem eru allt að fjögur orð eða fleiri.
- Talað reiprennandi án þess að endurtaka orð eða orðhluta.
- Ókunnugir skilja það sem barnið segir.

**Enn er eðlilegt að framburði sé ábótavant (mjög mikið gerist í framburðarþróun frá 3;6-4;0 ára).**

### **Hakið við það sem barnið gerir:**

- Notar og skilur örfá orð.
- Notar stuttar setningar (3-4 orða setningar).
- Notar fáa samhljóða (b – m – d).
- Ansar alltaf þegar talað er við það.
- Fer eftir einföldum fyrirmælum.
- Vill hlusta á sögu.
- Vill aðeins fletta bók en ekki láta lesa fyrir sig.
- Híkar og höktir svo mikið að það háir því í tjáningu (hefur varað lengur en 6 mánuði).
- Stam hefur varað lengur en 6 mánuði.
- Mikill munur er á mállegri og verklegri getu (dundar vel í athöfnum þar sem ekki reynir á mál en óróleiki, spennu og úthaldsleysi gerir vart við sig þegar gerðar eru kröfur um tjáningu).

# Gátlisti fyrir málþroska 3;0-3;6 ára barna

## Skimun kennara á mál/talvanda leikskólabarna

Áður en barni á aldrinum 3;0-3;6 ára er vísað til málfarslegrar athugunar skal leggja fyrir *EFI-2 málþroskaskimun og Íslenska þroskalistann*. Ef mælitölur á *Hlustun og Tali* í *Íslenska þroskalistanum* eru <40 og barn nær ekki meðalgetu miðað við aldur á *EFI-2* er ástæða til að vísa barni áfram í nánari greiningu.

Nafn barns: \_\_\_\_\_ kt. \_\_\_\_\_

Leikskóli: \_\_\_\_\_

Útfyllt af: \_\_\_\_\_

### **Hakið við það sem barnið getur:**

- Heyrt þegar kallað er á það úr öðru herbergi.
- Skilið einfaldar spurningar: Hvar? Hver? Hvers vegna? (Af hverju?)
- Talað um að sem það gerir í leikskólanum og með leikfélögum sínum.
- Notað setningar sem eru allt að fjórum orðum eða fleiri.
- Sagt frá svo ókunnugir skilja hvað það er að segja.
- Enn getur vantar töluvert upp á framburð.

### **Hakið við það sem barnið gerir:**

- Notar fá orð.
- Notar stuttar setningar (2-3 orða setningar).
- Svarar alltaf þegar talað er við það.
- Fer eftir fyrirmælum (t.d. „Náðu í skóna þína“).
- Hlustar á sögu sem lesin er fyrir það.
- Vill fletta bók þegjandi en ekki láta lesa fyrir sig.
- Svarar spurningum af myndum (*hver er þetta* eða *hvað er þetta*).
- Notar fáa samhljóða í tali (b – m – d).
- Tal er óskiljanlegt nema þeim sem eru nákomnir barninu.
- Vill herma eftir orð og stuttar setningar.
- Híkar og höktir svo mikið í tali að það háir því í tjáningu (hefur varað í mánuð).
- Stamar og hefur gert það lengur en í 6 mánuði.

## Gátlisti fyrir málþroska 4;0-4;6 ára barna

### Skimun kennara á mál/talvanda leikskólabarna

Áður en barni á aldrinum 4;0-4;6 ára er vísað til málfarslegrar athugunar skal leggja fyrir *Íslenska þroskalistann*. Þegar áhyggjur eru af framburði skal leggja *ICS skalann* fyrir foreldra. Ef mælitölur *Hlustunar og Tals á Íslenska þroskalanum* eru <40 er ástæða til að vísa barninu áfram í nánari greiningu.

Nafn barns: \_\_\_\_\_ kt. \_\_\_\_\_

Leikskóli: \_\_\_\_\_

Útfyllt af: \_\_\_\_\_

#### **Hakið við það sem barnið getur:**

- Hlustað á sögu í hópi og spjallað um hana á eftir.
- Sagt skipulega frá því sem það hefur upplifað.
- Notað málið eðlilega í samskiptum við jafnaldra.
- Notað málið eðlilega í samskiptum við fullorðna.
- Skilið fyrirmæli fullorðinna.
- Leikur eðlilega í leikjum þar sem reynir á mál.
- Framburður er að mestu orðinn „hreinn“ (getur vantað r, s og þ).

**Eðlilegt er að mikið sé um málfræðivillur á þessum aldri.**

#### **Hakið við það sem barnið gerir:**

- Hlustar á sögu í litlum hópi (3-5 barna).
- Getur svarað spurningum úr sögu sem verið er að lesa.
- Svarar órökrétt (til hliðar). Dæmi: Hvenær ferðu í sumarfrí? „Ég sofa í tjaldi.“
- Skilur spurnarfornöfn (hvenær, hvar, hvað, af hverju).
- Ansar þegar kallað er til þess.
- Notar smábarnalegt tal eins og barnið sé yngra en það er.
- Notar smáorð (símskeytastíll) í tali. T.d. „ég sofa ömmu nótt“.
- Er með miklar villur í framburði, s.s. **samhljóðasambönd ekki farin að þróast** (skór>gór; Stína>Dína), **sleppir atkvæðum úr orðum** (banani>nani; súkkulaði>húhla), **sleppir hljóðum úr**

# Gátlisti fyrir málþroska 4;6-6;0 ára barna

## Skimun kennara á mál/talvanda leikskólabarna

Áður en barni á aldrinum 4;6-6;0 ára er vísað til málfarslegrar athugunar skal leggja fyrir *Íslenska þroskalistann og HLJÓM-2 (eftir 4;9 ára)*. Þegar áhyggjur eru af framburði skal leggja *ICS skalann* fyrir foreldra. Ef mælitölur á *Hlustun og Tali* í *Íslenska þroskalistanum* eru <40 og/eða niðurstöður á *HLJÓM-2* eru undir meðallagi er ástæða til að vísa barni áfram í nánari greiningu.

Nafn barns: \_\_\_\_\_ kt. \_\_\_\_\_

Leikskóli: \_\_\_\_\_

Útfyllt af: \_\_\_\_\_

### **Hakið við það sem barnið getur:**

- Hlustað á sögu í hópi og spjallað um hana á eftir.
- Sagt skipulega frá því sem það hefur upplifað.
- Notað málið með góðum árangri í samskiptum við jafnaldra og fullorðna.
- Skilið fyrirmæli fullorðinna.
- Leikið eðlilega í leikjum þar sem reynir á mál.
- Framburður nánast eðlilegur, e.t.v. með nokkur frávik í örfáum hljóðum.

**Eðlilegt er að málfræðivillur séu nokkrar hjá börnum á þessum aldri.**

### **Hakið við það sem barnið gerir:**

- Ræður við að hlusta á sögu í hópi.
- Getur svarað eðlilegum spurningum úr sögu.
- Man eða skilur einföld fyrirmæli kennara.
- Kemur sér hjá því að svara þegar talað er til þess.
- Kemur sér hjá því að taka þátt í samræðum, t.d. við matarborðið, í samverustund.
- Leysir ágreining við önnur börn með máli og lætur ekki hendur skipta eða grætur.
- Getur útskýrt hvað gerðist ef eitthvað kemur upp á.
- Notar stuttar og ófullkomnar setningar, orðaforði er einfaldur og mikið um málfræðivillur.
- Notar litla sem enga frásögn.
- Talar óeðlilega hátt.




**EFI-2 málþroskaskimun var lögð fyrir barnið þitt:**

Nafn barns: \_\_\_\_\_

Dagsetning: \_\_\_\_\_

Niðurstöður / Svör barns þíns gefa **vísbindingar** um hvar það er stadd í málþroskaferlinu:



**Nokkrir almennir punktar um málörvun ungra barna, auka skilning og efla tjáningu:**

- Tala í stuttum skýrum setningum við barnið
- Ná augnsambandi við barnið þegar talað er við það.
- Sýna hlutina um leið og þeir eru nefndir og tala um þá.
- Lesa bækur á hverjum degi og spyrja út í textann – rifja upp söguþráðinn ( gott að lesa aftur og aftur sömu söguna, það leiðir til betri skilnings ).
- Setja orð á allar athafnir daglegs lífs: í fataherbergi, við matarborðið, á leikföng.
- Gefa barni einföld fyrirmæli: „Sæktu sokkana þína“ , „Náðu í glasið“.
- Leggja inn hugtök: litir, líkamsheiti, lýsingarorð ( stór, lítill, góður, glaður, leiður o.s.frv.)
- Fara í leiki með barninu sem stuðla að málörvun t.d. búðaleik, boltaleik, dúkkuleik og bílaleik.
- Endurtaka það sem barnið segir og lengja setningarnar (víkkunaraðferðin). Ef barnið segir „mömmu bíll“ , svara : „ Já þetta er rauði bíllinn hennar mömmu“.
- Hjálpa barninu að tjá tilfinningar, þarfir og óskir með því að leggja því orð í munn eftir þörfum. „Ég sé að þú ert kát/kátur, leið/leiður“.
- Kenna barninu að biðja um hjálp ( ekki gera fyrir það). Bíða eftir viðbrögðum barnsins og nota valspurningar til þess að fá munnlegt svar, T.d. viltu mjólk eða djús?
- Syngjið og farið með þulur með barninu.

Ef einhverja spurningar vakna þá vinsamlegast hafið samband við undirritaða:

Hjördís Stefanía Guðnadóttir, sérkennslustjóri

Hjordis.g@kopavogur.is

Hljóm 2 hljóðkerfisvitundarathugun var lögð fyrir barn þitt

\_\_\_\_\_ þann \_\_\_\_\_

Niðurstöður voru eftirfarandi:

	Mjög slök færni	Slök færni	Meðal færni	Góð færni
Rím				
Samstöfur				
Samsett orð				
Hljóðgreining				
Margræð orð				
Orðhlutaeyðing				
Hljóðtenging				
Niðurstöður				

Rím, reynir á heyrnræna úrvinnslu

Samstöfur, annað orð yfir atkvæði, þar sem barnið þarf að klappa atkvæðin í ákveðnum orðum.

Samsett orð, þar sem barnið heyrir tvö orð og á að setja saman í eitt.

Hljóðgreining, þar á barnið að hlusta eftir ákveðnum hljóðum í orðum.

Margræð orð, þar á að greina hvaða tvær myndir af fjórum nota orð sem hljóma hljóðfræðilega eins eða næstum eins en tákna ólíka hluti.

Orðhlutaeyðing, þar þarf að hlusta eftir hvaða orð verður eftir ef fyrri hluta samsetts orðs er sleppt.

Hljóðtenging, þar verður barnið að tengja 2-3 málhljóð heyrnrænt í orð.

Ef nánari upplýsinga er óskað þá vinsamlegast hafið samband við undirritaða

Með kveðju,

Hjördís Stefanía Guðnadóttir,

Sérkennslustjóri

[Hjordis.g@kopavogur.is](mailto:Hjordis.g@kopavogur.is)

**Hljóm 2 hljóðkerfisvitundarathugun var lögð fyrir barn þitt**

\_\_\_\_\_ þann \_\_\_\_\_

Niðurstöður voru eftirfarandi:

	Mjög slök færni	Slök færni	Meðal færni	Góð færni
Rím				
Samstöfur				
Samsett orð				
Hljóðgreining				
Margræð orð				
Orðhlutaeyðing				
Hljóðtenging				
Niðurstöður				

Ég hef áform um að prófa hana / hann aftur í febrúar n.k. Þangað til munum við æfa þessa þætti málsins m.a. í samverustundum, sögustundum og elstu barna verkefnum.

Einnig er mikilvægt að foreldrar styðji við þessa þætti heima. Ýmiskonar málörvunarefni er hægt að kaupa :

- Lærum og leikum með hljóðin, bók, spil og app.
- Ljáðu mér eyra sem er verkefnabók
- Lubbi finnur málbein (bók og DVD diskur )
- Orðagull, bók og smáforrit
- Geitungurinn og fleiri slíkar bækur sem eru tiltölulega ódýrar og fast m.a. í A4.

**Áherslupættir í Hljóm-2 eru:****Rím:**

Barnið á að benda á mynd sem rímar við orðið sem prófandi nefnir. Hér er ekki þörf á að barnið segi orðið heldur nægir að benda á viðkomandi mynd.

Hægt er að þjálfna þennan þátt málsins með því að finna leiki sem reyna á tilfinningu fyrir hrynjanda málsins og byggður upp orðaforði um leið og leikið er með rímsögur og þulur og þetta tengt alls konar hreyfileikjum og hljóðgjöfum. Hægt er að spyrja barnið spurninga á borð við : Hvað er uppi á höfði þínu sem rímar við sár? Ari er smár en Óli er..? klár, hár o.s.frv.

**Samstöfur:**

Í þessum þætti er ætlast til að barnið klappi atkvæði í orðum og er hægt að þjálfna barnið með mjög einföldum hætti og verður það gert í samverustundum sbr. Alexander - A /lex/and/er (4 klöpp og appelsína - app/el/sín/a ( 4 klöpp ).

**Samsett orð:**

Barnið á að setja saman tvö orð oftast nafnorð. Góð æfing er að gefa barninu fyrri hluta orðs og fá það til að botna. Dæmi: fót..... barnið botnar.....bolti. snjó.....barnið botnar.....hús, þota, karl...o.s.frv.



## Upplýst samþykki foreldra vegna rafrænnar Heilsubókar barnsins

Heilsuleikskólinn **X** hefur markmið að auka gleði og vellíðan barnanna með áherslu á næringu, hreyfingu og sköpun. Unnið er samkvæmt Heilsustefnu Unnar Stefánsdóttur frá árinu 1996. Heilsuleikskólinn **X** heldur utan um líðan og þroska barna með skráningu í rafræna Heilsubók barnsins.

### Hvaða gögn eru varðveitt í rafrænni heilsubók barnsins

Öll persónugreinanleg gögn sem eru vistuð í rafræna Heilsubók barnsins eru upplýsingar sem leikskólinn fær frá forráðamönnum barna eða eru skráðar niður af starfsfólki skólans. Af þeim eru persónugreinanleg gögn eins og nöfn, kennitölur og kyn bæði barna og forráðamanna. Jafnframt eru skráðar viðkvæmar persónuupplýsingar; hæð og þyngd, heilsufar, fjarveraskráning veikinda, næring og svefn, leikur, félagsleg færni/lífsleikni, gróf- og fínhreyfigeta og þróun myndsköpunar.

### Hver er tilgangur og markmið skráningar?

Tilgangur skráningar á upplýsingum þessum er til að unnt sé að fylgjast með stöðu og þroska barnsins á hverjum tíma og þróun þessara þátta og til að unnt sé að miðla slíkum upplýsingum til forráðamanna samkvæmt leikskóla lögum 2008 nr. 90 12. júní, 13. grein VI kafla. Skráningin veitir kennurum haldbæran grunn í foreldrasamtölum sem gefur hlutlausa heildarsýn á þroskasögu barnsins.

### Hver er ábyrgðaraðili vegna vörslu og vinnslu gagnanna

Skólinn ber ábyrgð á vörslu og vinnslu gagnanna í skilningi laga nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

### Hver er vinnsluaðili gagnanna

Vinnsluaðili upplýsinganna er Samtök Heilsuleikskóla / Matrix Software ehf. og hefur aðilinn staðfest að hann er með skriflegt öryggiskerfi og starfsmaður gengist undir trúnaðarheit. Jafnframt hefur verið gerður sérstakur vinnslusamningur við aðilann.

### Hvað er gert við upplýsingarnar?

Persónuupplýsingarnar eru notaðar í eftirfarandi tilgangi:

- Til þess að halda utan um allar þær skráningar sem Heilsubókin býður upp á.
- Til þess að forráðamenn geti fundið og séð skráningar þeirra barna sem þeir fara með forráð fyrir.

### Með hverjum deilum við upplýsingunum?

Gögnum sem eru vistuð vegna Heilsubókarinnar er ekki deilt til þriðja aðila. Slíkt yrði aldrei gert nema með sérstöku skriflegu samþykki forráðamanna.

### Hvar eru upplýsingarnar geymdar?

Allar upplýsingar sem geymdar eru vegna Heilsubókarinnar eru geymdar í gagnagrunnum Azure, skýjaþjónustu Microsoft í eigu Samtaka Heilsuleikskóla.

SAMTÖK HEILSULEIKSKÓLA

**Hvernig eru upplýsingarnar geymdar?**

Allar upplýsingar sem vistaðar eru í gagnagrunn eru geymdar á dulkóðuðu formi. Einnig eru gögnin alltaf dulkóðuð þegar þau eru send á milli miðlara og vafra.

**Hversu lengi eru upplýsingarnar geymdar?**

Öll gögn eru geymd í mesta lagi í ár eftir útskrift barns, nema forráðamenn óski þess að þeim verði eytt fyrr. Óskað er eftir formlegri staðfestingu frá vinnsluaðila í hvert sinn sem gögnum er eytt.

**Geta forráðamenn afturkallað samþykki?**

Forráðamenn geta hvenær sem er afturkallað samþykki sitt fyrir skráningu þessari. Slíka beiðni skal senda formlega til persónuverndarfulltrúa skólans sem kemur henni á framfæri og sér til þess að henni sé fylgt eftir.

**Aðgangsstýring**

Einungis tilgreindir starfsmenn sem hafa formlegan aðgang að kerfinu geta unnið með gögn kerfisins í hverjum skóla. Árlega er farið yfir aðgang og aðgangsheimildir, samkvæmt verklagsreglum skólans.

**Ég hef fengið kynningu á þeim upplýsingum sem skráðar eru í Heilsubók barnsins og samþykki að þær verði færðar í rafræna heilsubók fyrir barnið mitt.**

Dagsetning: \_\_\_\_\_

Nafn barns: \_\_\_\_\_

Kennitala: \_\_\_\_\_

Undirskrift forráðamanns: \_\_\_\_\_

Undirskrift kennara: \_\_\_\_\_